

# **Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Félagsþjónustusvæðin.....	3
Þjónusta sem veitt var á árinu 2018. ....	4
Fjöldi fatlaðs fólks á Vestfjörðum .....	4
Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði. ....	6
Stuðningsfjölskyldur.....	8
Sumarúrræði. ....	8
Lengd viðvera .....	9
Hæfingarstöðin Hvesta. ....	9
Búseta – sólarhringsþjónusta.....	10
Frekari liðveisla. ....	11
Mynd 1 Fjöldi fullorðinna einstaklinga.....	4
Mynd 2 Fjöldi fullorðina í virkri þjónustu.....	5
Mynd 3 Fjöldi barna með fötlunargreiningu .....	5
Mynd 4 Fjöldi barna í virkri þjónustu .....	6
Mynd 5 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagsþjónustusvæðum .....	7
Mynd 6 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtí mavistun eftir sólarhringsfjölda á ári .....	7
Mynd 7 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagsþjónustusamningum .....	8
Mynd 8 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagsþjónustusvæðum . ....	10
Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtí mavistunar frá 2012-2017 .....	7
Tafla 2 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2012-2017 .....	8
Tafla 3 Rekstrarniðurstaða Hvestu.....	10
Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu.....	11
Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu) .....	11
Tafla 6 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla).....	12
Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla) .....	12

## Inngangur

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa saman að þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu um áramótin 2010/2011. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (framvegis BsVest) sér um málaflokkinn.

Á árinu 2018 voru fundir stjórnar BsVest sjö talsins.

Aðalfundur BsVest um málefni fatlaðs fólks var haldin 2. maí 2018 á Tálknafirði.

Aukaaðalfundur vegna sveitarstjórnakosninga 2018 var haldinn þann 6. október 2018 á Ísafirði. Fram að aukaaðalfundi var stjórn skipuð eftirtöldum fulltrúum:

Aðalmenn:

- Pétur Markan, Súðavíkurreppi, formaður, fyrir Fjórðungsamband Vestfirðinga (FV), formaður frá apríl 2018.
- Andrea Kr. Jónsdóttir, Strandabyggð. Formaður til apríl 2018.
- Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ.
- Indriði Indriðason, varaformaður, Tálknafjarðarhreppur.
- Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi.

Varamenn:

- Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.
- Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað.
- Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ.
- Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð.
- Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð.

Ný stjórn var kosin samkvæmt 10 gr. samþykktu BsVest, á aukaaðalfundi þann 6. október 2018 og hana skipa:

Aðalmenn:

- Rebekka Hilmarsdóttir, formaður, Vesturbyggð.
- Guðmundur Gunnarsson, Ísafjarðarbæ.
- Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað.
- Ingibjörg Benediktsdóttir, fyrir FV.
- Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

Varamenn:

- Baldur Smári Einarsson bæjarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar
- Jón Gísli Jónsson, bæjarfulltrúi Strandabyggðar
- Bryndís Sigurðardóttir, Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps
- Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæ
- Pétur G Markan, Sveitarstjóri Súðavíkurrepps

Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps BsVest. Hópurinn skipaður af félagsmálastjórum á hverju þjónustusvæði fyrir sig á Vestfjörðum og framkvæmdastjóra BsVest. Verkefnastjóri tók við stöðu framkvæmdastjóra 1. mars 2018 samkvæmt samþykkt stjórnar á stjórnarfundar þann 7 febrúar 2018.

Félagþjónusturnar innan þjónustusvæða BsVest eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest og er skipaður eftirtöldum fulltrúum:

- Sif Huld Albertsdóttir, formaður, framkvæmdastjóri BsVest.
- Margrét Geirsdóttir, varaformaður, Ísafjarðarbæ.
- Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð.
- Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungavíkurkaupstaður.
- María Játvarðardóttir, Strandabyggð.

Fundað er reglulega og árið 2018 voru haldnir átta fundir, bæði snertifundir og símafundir.

## Félagþjónustusvæðin.

### 1. Félagþjónusta Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), frekari liðveisla (eftir 1. október 2018 stoðþjónusta), lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólarhringsþjónusta) og sumarúrræði.

### 2. Félagþjónustan við Djúp.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði) og frekari liðveisla (eftir 1. október 2018 stoðþjónusta).

### 3. Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla (eftir 1. október 2018 stoðþjónusta), þjónustuíbúð og búseta.

### 4. Félagþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur og frekari liðveisla (eftir 1. október 2018 stoðþjónusta), ásamt skammtímavistun (veitt á Ísafirði) og hæfing/iðja (veitt á Ísafirði).

## Þjónusta sem veitt var á árinu 2018.

Hér á eftir er samantekt á þjónustu sem veitt var á árinu 2018.

Við skiptingu milli svæða er tekið mið af félagsþjónustusvæðum en ekki hverju sveitarfélagi fyrir sig, nema Ísafjarðarbær. Þannig tekur Félagspjónustan við Djúp til þjónustu í Súðavíkurbreppi og Bolungarvík, Félagspjónusta Stranda og Reykhólahrepps tekur til þjónustu í Strandabyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi og Félagspjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu tekur til þjónustu í Vesturbyggð og Táknaþjónustuhreppi.

Ráðgjafarþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt niður í lok árs 2010 eftir skiptingu frá svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, rétt áður en yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga fór fram.

Félagspjónusta við Djúp:	0,34 stg.
Ísafjarðarbær	2,02 stg.
Félagspjónusta Stranda og Reykhólahrepps	0,48 stg.
Félagspjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu	0,16 stg.
Byggðasamlagið	1,0 stg.*

\*Verkefnastjóri va í 0,8 stg. og 0,2 stg. eru rekstur og bókhald, frá 1. mars 2018 breyttist starf verkefnastjóra í framkvæmdastjóra og varð 1,0 stg.

### Fjöldi fatlaðs fólks á Vestfjörðum


Fjöldi fatlaðs fólks eldri en 18 ára á þjónustusvæði BsVest árið 2018 voru 72 einstaklingar en ekki eru allir einstaklingar í virkri þjónustu, einstaklingarnir skiptast á milli þjónustusvæða með eftirfarandi hætti:

Ísafjarðarbær er með 44 einstaklinga.

Félagspjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 19 einstaklinga.

Félagspjónustan V. Barðastrandarsýslu er með 9 einstaklinga.

Félagspjónustan við Djúp er með 8 einstaklinga.



Mynd 1 Hlutfall fatlaðs fólks 18 ára og eldri.


Fjöldi fatlaðs fólks 18 ára og eldri í virkri þjónustu hjá sveitarfélögunum má sjá á mynd tvö, þar sem sjá má fjölda einstaklinga í virkri þjónustu en þeir skiptast milli þjónustusvæða með eftirarandi hætti:

Ísafjarðarbær er með 37 einstaklinga.

Félagspjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 6 einstaklinga.


Félagspjónustan V. Barðastrandasýslu er með 1 einstaklinga.

Félagspjónustan við Djúp er með 8 einstaklinga.




Mynd 2 Hlutfall fatlaðs fólks 18 ára og eldri í virkri þjónustu.

Samtals eru 56 börn á svæði BsVest sem eru með fötlunargreiningu, þau skiptast milli félagspjónustusvæða eins og sést á mynd þrjú.



Mynd 3 Fjöldi barna með fötlunargreiningu

Börn í virkri þjónustu á svæði BsVest.



Mynd 4, Fjöldi barna í virkri þjónustu BsVest.

### Skammtíamavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.

Skammtíamavistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar og er húsnæðið í eigu Ísafjarðarbæjar.


Þjónusta skammtíamavistunar er ætlað að draga úr álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötluð ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtíamavistun með það að markmiði að léttu álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum.

Skammtíamavistunin hefur verið nýtt af öllum þjónustusvæðum BxVest en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtíamavistunar starfar einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum.

Árið 2018 fengu þrjú börn þjónustu skammtíavistunar sem skiptist þannig eftir þjónustu.



Mynd 5 Fjöldi þjónustunotenda skammtíavistunar eftir félagsþjónustusvæðum



Mynd 6 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtíavistun eftir sólarhringsfjölda á ári

Rekstrarniðurstaða skammtíavistunar frá árinu 2012.

2012–	2013–	2014–	2015–	2016–	2017–	2018–
49,65 m.kr.	48,1 m.kr.	36.4 m. kr.	38.3 m. kr.	35.6 m. kr.	36.7 m.kr.	30,7 m.kr.

Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtíavistunar frá 2012-2017

Rekstrarniðurstaða skammtíavistunar er lægri árið 2018 og stafar það af mun meiri tímafjölda notkunar skammtíavistunar árið 2017. Árið 2017 voru veittir að meðaltali 35,08 sólahringar í mánuði en árið 2018 voru þetta að meðaltali 26,91 sólahringur á mánuði.



## Stuðningsfjölskyldur.

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjú sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess á meðan dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra.

Á árinu 2018 voru 11 samningar gerðir við stuðningsfjölskyldur. Samningarnir tóku til stuðnings frá einum upp í þrjú sólarhringi í mánuði. Þrjú þjónustusvæði BsVest veittu þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra eins og sést hér á mynd sjö.



Mynd 7 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagsþjónustu

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli ára.

BsVest 2012	BsVest 2013	BsVest 2014	BsVest 2015	BsVest 2016	BsVest 2017	BsVest 2018
9 samningar	10 samningar	9 samningar	14 samningar	14 samningar	12 samningar	11 samningar
	23,3 sólarhringar	22,45 sólarhringar	32,5 sólarhringar	32,3 sólarhringar	30,4 sólarhringar	30 sólarhringar

Tafla

2

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2013-2017

## Sumarúrræði.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, sem voru í gildi til 31. september 2018 var mælt fyrir um að stuðlað skyldi að því að fötluð börn ættu kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Við gildistöku nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 er áfram gert ráð fyrir sumardvöl, þar sem börnum gefst kostur á að skipta um umhverfi og dveljast utan heimili síns sér til ánægju og tilbreytingar.

Misjafnt er á milli félagsþjónustusvæða hver þörfin er fyrir sumardvöl en ekki hefur verið boðið upp á sumardvöl á Vestfjörðum. Sumarúrræði hafa verið í boði og hafa þau verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

## Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá öllum félagsþjónustunum. Boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.–10. bekk hjá félagsþjónustunni við Djúp, félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps og Ísafjarðarbæ, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu.

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna nam 1.337.260 króna fyrir árið 2018 sem skiptist á milli þjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir í áætlun Jöfnunarsjóðs.

Ísafjarðarbær:	Vorönn upphæð kr. 318.418,- Haustönn upphæð kr.135.303,- <b>Heildarupphæð kr.453.722,-</b>
Félagsþjónustan við Djúp:	Vorönn upphæð kr.159.209,- Haustönn upphæð kr.135.303,- <b>Heildarupphæð kr.294.513,-</b>
Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps:	Vorönn upphæð kr.318.418,- Haustönn upphæð kr.270.606,- <b>Heildarupphæð kr.589.025,-</b>

## Hæfingarstöðin Hvesta.

Hæfingarstöðin Hvesta er á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstri hennar en fatlað fólk frá 18 ára aldri á Vestfjörðum hefur kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum geta sótt um tímabundið starf í Hvestu á meðan á dvöl þeirra í skammtíavistun stendur.

Húsnæði hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila og hefur Ísafjarðabær langtíma leigusamning um afnot húsnæðisins að Aðaltræti 18 á Ísafirði.

Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og þátttöku í daglegu lífi.

Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið og skiptist starfið niður í eftirfarandi þætti:

- ✓ Starfs og félagsleg þjálfun til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða tengingu við fyrirtæki á almennum markaði.
- ✓ Undirbúningur fyrir ýmis viðfangsefni jafnt innan eigin heimilis sem og utan þess.

Í lok árs 2018 voru fastir starfsmenn með fötlun 16 talsins í Hvestu. Nokkuð misjafnt er hversu lengi dags starfsmenn eru við dagleg störf í Hvestu og einnig er misjafnt hvort starfsmenn eru í hæfingu eða iðju. Dagleg þjónusta er frá tveim tímum 2x í viku upp í átta tíma á dag og miðast vinnutíminn við getu hvers og eins.

Starfsmenn í Hvestu skiptast milli þjónustusvæða BsVest eins og sjá má á mynd átta.



Mynd 8 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagsþjónustusvæðum.

**Rekstrarniðurstaða Hvestu.**

2012– Hvesta	2013– Hvesta	2014– Hvesta	2015– Hvesta	2016– Hvesta	2017– Hvesta	2018 Hvesta
30.54 m.kr.	31.30 m.kr.	35.35 m. kr.	41.7 m. kr.	45.7 m. kr.	46,67 m. kr.	43.9 m. kr.

Tafla

3.

**Rekstrarniðurstaða Hvestu**

**Búseta - sólarhringsþjónusta.**

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum sem voru í gildi til 30. september 2018 og við gildistöku nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 er skilgreint að fatlaður einstaklingur skuli eiga rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa.

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kosta á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir, eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á búsetuþjónustu á tveimur þjónustusvæðum BsVest og í lok árs 2018 voru 11 einstaklingar í búsetu á Vestfjörðum.

Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá V til XII. A og samkvæmt þeim stöðlum eru þetta einstaklingar með mikla stuðningsþörf.

*Fræðilegur bakgrunnur mats á stuðningsþörf byggir á nýjustu hugmyndum um edli og mat á þjónustu fyrir fatlað fólk, þar sem horft er á félagslega stöðu einstaklingsins fremur en líffræðilega annmarka. Markmið með hönnun SIS mats er að meta á vísindalegan hátt stig þess hagnýta stuðnings, sem fatlað fólk þarfnast til að lifa edlilegu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matskerfið var upphaflega staðlað í Bandaríkjunum og Kanada en hefur síðan verið staðlað og tekið til notkunar í nokkrum löndum Evrópu. Próffræðilegir eiginleikar þess eru mjög góðir. Mat á stuðningsþörf ( SIS) skiptist í þrjá hluta:*

a) *Stuðningsþörf: Samtals 49 þættir, sem skipt er í 6 undir kvarða; Viðfangsefni á heimili, Viðfangsefni utan heimilis, Viðfangsefni tengd símenntun, Viðfangsefni tengd starfi, Viðfangsefni tengd heilsu og öryggi og Félagsleg virkni.*

b) *Viðbótarmat á vernd og hagsmunagæslu: Metin eru 8 svið, sem ekki koma til útreikninga við endanlegan útreikning á þörf fyrir þjónustu.*

c) *Sérstök þörf fyrir stuðning vegna óvenjulegs vanda tengdum heilsu og hegðun. Metnar eru 16 þættir heilsufarsvandamála og 13 þættir hegðunarvandkvæða.*

*Á öllum undir kvörðum mats á stuðningsþörf er þörf fyrir stuðning metin út frá þremur víddum, þ.e.a.s tíðni (hve oft er þörf fyrir stuðning), daglegur stuðningstími (hve mikil þörf er fyrir stuðning á dæmigerðum degi) og loks tegund stuðnings (hvers konar stuðning ætti að veita).*

*Mat á stuðningsþörf er fyllt út af fagaðila með reynslu af viðtölum með aðstoð eins eða fleiri aðila, sem þekkja vel þann sem mat nær til. Niðurstöður mats á stuðningsþörf gefa réttmætar og áreiðanlegar mælingar á þörf fyrir stuðning á 57 sviðum daglegs lífs. Eitt heildarskor fæst fyrir hvern þann aðila, sem mat nær til en jafnframt hundraðsröð út frá þörfum miðað við viðmiðunarhóp. Mat á stuðningsþörf veitir þannig mikilvægar upplýsingar, sem nýtast m.a. til að útfæra einstaklingsmiðaða þjónustu og við fjárhagslega skipulagningu og úthlutun á stuðningi. Mat á stuðningsþörf er metið og notast við rómverskar tölur frá I til flokks XII.A.*

**Rekstrarniðurstaða búsetu.**

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.	Félagsþj.
Ísafjarðarbær	111.7 m.kr.	133.4 m.kr.	170.5 m.kr.	233 m. kr	216.7 m. kr	231,3 m. kr	246,3 m.kr.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	10.4 m.kr.*	7,1 m.kr.*	5.4 m. kr.*	21.8 m.kr.	35.4 m.kr.	35.4 m.kr.	46,4 m. kr

Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu

**Frekari liðveisla.**

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum sem voru í gildi til 30. september 2018 og við gildistöku nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu, framvegis nefnt stoðþjónusta. Í reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um stoðþjónustu sem sérstakan stuðning sem er margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Stoðþjónusta er veitt hjá öllum þjónustusvæðum á Vestfjörðum.

Fjöldi í þjónustu:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2018
	einstaklinngar frekari liðv.	einstaklinngar frekari liðv.	einstaklinngar frekari liðv.	einstaklinngar frekari liðv.	einstaklinngar frekari liðv.	einstaklinngar frekari liðv. "30 september 2018"	einstaklinngar frekari liðv. "eftir 30 september 2018"
Ísafjarðarbær	19	9	17	19	19	14	0
Félagsþjónustan við Djúp	2	1	2	2	2		
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	2	8	1	1	1	1	1
Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu	0	0	0	1	0	0	0
Samtals	24	18	18	23	22	15	1

Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)

## Fjöldi stöðugilda:

	2013 stöðugilidi í frekari liðv.	2014 stöðugilidi í frekari liðv.	2015 stöðugilidi í frekari liðv.	2016 stöðugilidi í frekari liðv.	2017 stöðugilidi í frekari liðv.	2018 stöðugilidi í frekari liðv. "til 30 september 2018"	2018 stöðugilidi í frekari liðv. "eftir 30 september 2018"
Ísafjarðarbær	4,89 stg.	4,89 stg.	2,64 stg.	3,05 stg.	4,4 stg.	4,8 stg.	0
Félagsþjónustan við Djúp	0,27 stg.	0,27 stg.	0,27 stg.	0,27 stg.	0,27 stg.		
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	3 stg.	3 stg.	1 stg.	1 stg.	1 stg.	1 stg.	1 stg.
Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu	0 stg.	0 stg.	0 stg.	0,25 stg.	0 stg.	0 stg.	0 stg.
	8,16 stg.	8,16 stg.	3,91 stg.	4,57 stg.	6,94 stg.	5,8 stg.	1 stg.

Tafla 6 Fjöldi í stöðugilda (Frekari liðveislu)

## Rekstrarniðurstaða:

	2013 rekstrarniðurstaða	2014 rekstrarniðurstaða	2015 rekstrarniðurstaða	2016 rekstrarniðurstaða	2017 rekstrarniðurstaða	2018 rekstrarniðurstaða "til 30 september 2018"	2018 rekstrarniðurstaða "eftir 30 september 2018"
Ísafjarðarbær	23,4 m.kr.	24,2 m.kr.	25,1 m.kr.	29 m.kr.	32 m.kr.	43,8 m. kr.	0 m. kr.
Félagsþjónustan við Djúp	1 m.kr.	1,5 m.kr.	1,2 m.kr.	1,4m.kr.	1,4 m.kr.		
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	10,7 m.kr.	10 m.kr.	4,2 m.kr.	5,8 m.kr.	6,2 m.kr.	5,6 m. kr.	1,9 m. kr.
Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu	0 m. kr.	0 m.kr.	0 m.kr.	1,4 m.kr.	0 m.kr.	0 m.kr.	0
<b>Samtals:</b>	35,1 m.kr.	35,7 m.kr.	30,5 m.kr.	37,6 m.kr.	39,8 m.kr.	49,4 m. kr.	1,9 m. kr.

Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)

Vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum hafa sveitarfélög þurft að taka á sig aukin útgjöld vegna stuðningsþjónustu, þar kemur fram að 15 tímar á viku sé lögbundin þjónusta sveitarfélaga. Fyrir 1. október 2018 var BsVest var með reglum fyrir frekari liðveislu að til að eiga rétt á aukinni þjónustu þarf að uppfylla 32 tíma á mánuði í félaglega liðveislu eða heimaþjónustu sem í dag fellur undir stuðningsþjónustu. Það er ástæða þess að tafla 5-7 er tvískipt fyrir árið 2018.

## Litið yfir farinn veg og verkefni BsVest framundan

Ef horft er aftur til byrjunar ársins 2018, þá fór fram mikil vinna við að ljúka fjárhagsáætlunargerð fyrir BsVest, þar sem mikilvægt er að framkvæmdastjóri verði mun fyrr með í ferli fjárhagsáætlunargerðar hjá sveitarfélögunum innan BsVest er varða málaflökkinn.

Framkvæmdastjóri sótti fund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einnig nokkur málþing á árinu 2018, átti einnig fund með Jöfnunarsjóði og ráðuneytunum vegna málaflökksins. Haldinn var framkvæmdastjórafundur með framkvæmdastjórum sveitarfélaga innan BsVest í Reykjavík í febrúar 2018 og þar voru málefni BsVest rædd og fjárhagsáætlun kynnt framkvæmdastjórum.

Stjórn samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2018 skipulagsbreytingu þar sem staða verkefnastjóra var færð inn í stöðu framkvæmdastjóra. Starf framkvæmdastjóra BsVest færðist einnig nánar inn til sveitarfélagana en það var m.a. gert til að tryggja betra flæði upplýsinga og auka samstarf innan BsVest.

Ný lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningþarfir nr. 38/2018 voru samþykkt á árinu og tóku gildi 1. október 2018. Lögin leysa af hólmi eldri lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum. Á árinu 2018 fór fram mikil vinna í breytingar á reglum BsVest til samræmis við ákvæði nýrra laga og reglugerða skv. lögnum. Stjórn samþykkti á fundi sínum þann 13. september 2018, þær reglur sem taldar eru upp:

*Reglur um styrk til náms- verkfæra- og tækjakaupa.*

*Reglur um Stuðningfjölskyldur.*

*Reglur um skammtímavistun.*

*Reglur vegna stoðþjónustu, áður reglur um frekari liðveislu.*

Eftir á að fara yfir reglur vegna NPA.

Einnig var farið yfir erindisbréf verkefnastjóri og framkvæmdastjóra ásamt erindisbréfi Verkefnahóps BsVest.

Aðalfundur BsVest var haldinn þann 2. maí 2018, á Tálknafirði þar sem farið var yfir venjuleg aðalfundarstörf, en einnig tilkynnti Ísafjarðarbær úrsögn sína úr BsVest á fundinum.

Auka aðalfundur var síðan haldin samkvæmt samþykktum BsVest þann 6. október 2018, þar sem farið var yfir dagskrá aðalfundar og kosið til nýrrar stjórnar.

Ný stjórn tók til starfa á vetrarmánuðum og í henni sitja eins og útlistað er hér að framan, Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar og formaður stjórnar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri

Bolungarvíkurkaupstaðar, Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar ásamt Ingibjörgu Benediktsdóttur sem situr fyrir hönd stjórnar Fjórðungsambands Vestfirðinga (FV) skv. samþykktum BsVest.

Auglýst var eftir styrkjum til náms-, verkfæra- og tækjakaupa á árinu 2018 og voru veittir styrkir að fjárhæð 300.665 kr.

Ekki eru mörg stór framkvæmdarverkefni í málaflokknum framundan hjá sveitarfélögunum sem koma að BsVest en vert er að nefna eitt verkefni sem hófst árið 2018 og er komið á fullt nú á árinu 2019 en það er stækkun á húsnæði Hvestu hæfingarstöðvar á Ísafirði.

Framlög Jöfnunarsjóðs til málaflokksins fyrir árið 2018 stóðust ekki í áætlun BsVest sem unnin var miðað við fyrstu áætlun Jöfnunarsjóðs fyrir 2018. Síðasta áætlun Jöfnunarsjóðs var ekki birt fyrr en í febrúar 2019 þar sem hækkun á framlögum var staðreynd og er því minna rekstrartap en gert var ráð fyrir, en skv. fjárhagsáætlun BsVest var gert ráð fyrir um 40 millj.kr rekstartapi á BsVest. Samkvæmt ársreikning BsVest er 6 millj.kr. hagnaður sem rekja má til misræmis í áætlunum Jöfnunarsjóðs og stafar af því að viðbótarframlag frá Jöfnunarsjóði ffyrir 2018 hljóðaði upp á um 8 millj.kr sem ekki var búið að úthluta til sveitarfélagana. Var framlaginu úthlutað til sveitafélaganna í ársbyrjun 2019.

Jöfnunarsjóður hefur sett inn í regluverk sitt framlag vegna fjarlægðar, þar sem tekið er mið að fjölda sveitarfélaga og vegalengdar þar á milli. BsVest fékk um tæpar 37 millj.kr. fyrir árið 2018 vegna þessa enda vegalengdir erfiðar og langar, en BsVest er meðal þriggja hæstu sveitar- og/eða þjónustusvæða á landinu sem fá þetta framlag. Ef ekki nyti við það góða samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum sem BsVest er þá féllu þessi framlög ekki til Vestfjarða og ættum við því erfiðara um vik að veita þá þjónustu sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir að sveitarfélögum beri að veita.

BsVest verður því að halda vel á því sem það hefur, sveitarfélögin á Vestfjörðum verða að vinna saman að þessu mikilvæga verkefni og treysta hvort öðru bæði í orði og verki því saman erum við svo miklu sterkari en í sundur.

Með þökk fyrir lesturinn  
Sif Huld Albertsdóttir  
Framkvæmdastjóri BsVest